

Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 11. janúar 2019
UST201901-099/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Aðalskipulagsbreyting- Rangárþing eystra - Hellishólar í landi Kirkjulækjarkots

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 11. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu á svæði í landi Hellishóla í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan gengur út á að afmörkun landnotkunarflekans F-353, Hellishólar, er breytt og hann stækkaður úr 10,0 ha í 13,7 ha eða um 3,7 ha. Auk þess kemur fram í greinargerð að um 0,45 ha landskika er breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði.


Í greinargerð kemur fram að tilefni breytinganna er vaxandi eftirspurn eftir frístundalóðum í sveitarfélaginu. Í sveitarfélaginu eru fjölmörg óbyggð frístundasvæði. Það er mat Umhverfisstofnunar að úppbygging haldi áfram á þeim svæðum sem eru þegar skilgreind sem frístundasvæði, en komist verði hjá því að raska góðu ræktarlandi líkt og fjallað er um í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að teknar verði saman upplýsingar um hversu margar af þegar skilgreindum frístundalóðum hafa verið byggðar.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur